

MEDELSTOR

IS



Design and Quality
IKEA of Sweden



ÍSLENSKA

Á öftustu síðu þessarar handbók er skrá yfir alla veitendur eftirsöluþjónustu sem útnefndir hafa verið af IKEA og viðeigandi símanúmer í hverju landi.

ÍSLENSKA

4

Efnisyfirlit

Öryggisupplýsingar	4	Góð ráð	20
Öryggisleiðbeiningar	6	Umhirða og hreinsun	21
Vörulýsing	8	Bilanaleit	25
Stjórnborð	9	Tæknilegar upplýsingar	29
Kerfisval	10	Umhverfismál	30
Grunnstillingar	12	IKEA-ÁBYRGÐ	30
Fyrir fyrstu notkun	16		
Dagleg notkun	17		

Með fyrirvara á breytingum.

⚠ Öryggisupplýsingar

Fyrir uppsetningu og notkun heimilistækisins skal lesa meðfylgjandi leiðbeiningar vandlega. Framleiðandinn ber ekki ábyrgð á neinum meiðslum eða skemmdum sem leiða af rangri uppsetningu eða notkun. Geymdu alltaf leiðbeiningarnar á öruggum stað þar sem auðvelt er að nálgast þær til síðari notkunar.

Öryggi barna og viðkvæmra einstaklinga

- Börn, 8 ára og eldri og fólk með minnkaða líkamlega-, skyn- eða andlega getu, eða sem skortir reynslu og þekkingu, mega nota þetta tæki, ef þau eru undir eftirliti eða hafa verið veittar leiðbeiningar varðandi örugga notkun tækisins og ef þau skilja hættuna sem því fylgir.
- Halda ætti börnum milli 3 og 8 ára og fólki með mikla og flókna fötlun frá heimilistækinu nema þau séu undir stöðugu eftirliti.
- Halda ætti börnum yngri en 3 ára frá heimilistækinu nema þau séu undir stöðugu eftirliti.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki með tækið.
- Haltu þvottaefnum frá börnum.

- Haltu börnum og gæludýrum fjarri heimilistækinu þegar hurðin er opin.
- Börn eiga ekki að hreinsa eða framkvæma notandaviðhald á heimilistækinu án eftirlits.

Almennt öryggi

- Þetta heimilistæki er ætlað til þess að þrifa diska og hnífapör á heimilum.
- Þetta heimilistæki er hannað til notkunar innanhúss á heimilum.
- Þetta heimilistæki má nota á skrifstofum, í herbergjum hótela, herbergjum gestahúsa, bændagistingum og öðrum sambærilegum gistirýmum þar sem notkun er ekki meiri en almenn heimilisnotkun.
- Breytið ekki eiginleikum heimilistækisins.
- Vatnsþrýstingurinn á tækinu (hámark og lágmark) verður að vera á milli 0.5 (0.05) / 10 (1.0) bör (MPa)
- Fylgdu hámarksfjöldanum, matarstell fyrir 10 .
- Ef rafmagnssnúran er skemmd verður framleiðandi, viðurkennd þjónustumiðstöð, eða svipað hæfur aðili að endurnýja hana til að forðast hættu.
- VIÐVÖRUN: Setja verður hnífa og önnur búsaðhöld með beittan odd í körfuna með oddinn niður eða setja þau í lárétta stöðu.
- Ekki skilja heimilistækið eftir eftirlitslaust með opna hurð til að forðast að stíga óvart á hana.
- Áður en einhvert viðhald er framkvæmt skal slökkva á heimilistækinu og aftengja klóna frá rafmagnsinnstungunni.
- Ekki skal nota háþrýstan vatnsúða og/eða gufu til að hreinsa heimilistækið.
- Ef heimilistækið er með lofttúður í undirstöðunni má ekki hylja þær, t.d. með gólfteppi.

- Þetta heimilistæki á að tengja við vatnsveituna með nýjum slöngusetnum sem fylgja. Ekki má endurnýta gamlar slöngur.

Öryggisleiðbeiningar

Uppsetning

- ⚠ **AÐVÖRUN!** Einungis löggildur aðili má setja upp þetta heimilistæki.
- Fjarlægðu allar umbúðir.
- Ekki setja upp eða nota skemmt heimilistæki.
- Notaðu ekki heimilistækið áður en þú setur upp innbyggða virkið af öryggisástæðum.
- Fylgdu leiðbeiningum um uppsetningu sem fylgja með heimilistækinu.
- Alltaf skal sýna aðgát þegar heimilistækið er fært vegna þess að það er þungt. Notaðu alltaf öryggishanska og lokaðan skóbúnað.
- Ekki setja upp eða nota heimilistækið þar sem hitastigið er lægra en 0°C.
- Settu heimilistækið upp á öruggum og hentugum stað sem uppfyllir uppsetningarkröfur.

Rafmagnstenging


- ⚠ **AÐVÖRUN!** Hætta á eldi og raflosti.
- Þetta heimilistæki er hannað til að vera sett upp / tengt við jarðtengingu í viðkomandi húsi.
- Gakktu úr skugga um að færíbreyturnar á merkiplötunni séu samhæfar við rafmagnsflokkun aðalæðar aflgjafa.
- Notaðu alltaf rétt ísetta innstungu sem ekki veldur raflosti.
- Notaðu ekki fjöltengi eða framlengingarsnúru.
- Gakktu úr skugga um að rafmagnsklóin og snúran verði ekki fyrir skemmdum. Ef skipta þarf um rafmagnssnúru verður

viðurkennd þjónustumiðstöð okkar að sjá um það.

- Aðeins skal tengja rafmagnsklóna við rafmagnsinnstunguna í lok uppsetningarinnar. Gakktu úr skugga um að rafmagnsklóin sé aðgengileg eftir uppsetningu.
- Ekki toga í snúruna til að taka tækið úr sambandi. Taktu alltaf um klóna.
- Þetta heimilistæki er búið 13 A kló. Ef nauðsynlegt er að skipta um öryggi í rafmagnsklónni skal nota 13 A ASTA (BS 1362)-öryggi. (Aðeins Bretland og Írland).

Vatnstenging

- Ekki valda skemmdum á vatnsslöngunum.
- Áður en þú tengir ný rör, rör sem ekki hafa verið notuð í langan tíma, þar sem viðgerðarvinna hefur verið framkvæmd eða nýr búnaður settur upp (vatnsmælur, o.s.frv.) skaltu láta vatnið renna þar til það er hreint og tært.
- Tryggðu að það sé enginn sýnilegur vatnsleki við og eftir fyrstu notkun heimilistækisins.
- Öryggisloki er á inntaksslöngu vatns og slíður með innri rafmagnssnúru.



- ⚠ **AÐVÖRUN!** Hættuleg spenna.

- Ef vatnsinntaksslöngun skemmist skaltu samstundis loka vatnskrananum og

aftengja klóna frá rafmangsinnstungunni. Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð til að fá nýjar vatnsinntaksslöngur.

Notkun

- Setjið ekki eldfim efni eða hluti bleytta með eldfimum efnum í, nálægt, eða á heimilistækið.
- Þvottaefni fyrir uppþvottavél eru hættuleg. Fylgdu öryggisleiðbeiningunum á umbúðum þvottaefnisins.
- Ekki drekka eða leika þér með vatnið úr heimilistækinu.
- Ekki fjarlægja diskana úr heimilistækinu fyrr en þvottakerfinu er lokið. Þvottaefni kann að verða eftir á diskunum.
- Ekki geyma hluti eða beita þrýstingi á opna hurð heimilistækisins.
- Heimilistækið getur gefið frá sér heita gufu ef þú opnar hurðina á meðan þvottakerfi er í gangi.

Þjónusta

- Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð til að gera við heimilistækið. Notaðu eingöngu upprunalega varahluti.
- Vinsamlegast athugaðu að ef þú eða einhver sem ekki er fagmaður gerir við getur það haft afleiðingar varðandi öryggi og gæti ógilt ábyrgðina.
- Eftirfarandi varahlutir verða fáanlegir í 7 ár eftir að framleiðslu gerðarinnar verður hætt: Mótor, hringrásar- og aftöppunardæla, hitarar og hitaelement, þar með talið hitadælur, rör og tengdur búnaður sem felur í sér slöngur, loka, síur

og aquastop, burðarhlutar og hlutar innviða sem tengjast samsetningu hurðar, prentrásir, rafeindaskjái, þrýstingsrofar, hitastillar og skynjarar, hugbúnaður og fastbúnaður, þar með talið endurstillingarhugbúnaður. Vinsamlegast athugaðu að suma þessara varahluta geta aðeins atvinnuviðgerðaraðilar fengið og ekki eru allir varahlutir viðeigandi fyrir allar gerðir.

• Eftirfarandi varahlutir verða fáanlegir í 10 ár eftir að framleiðslu gerðarinnar verður hætt: Hurðarlamir og þéttingar, aðrar þéttingar, úðaarmar, aftöppunarsíur, innri hengi og jaðartæki úr plasti, eins og grindur og lok.

• Varðandi ljósin inn í þessari vöru og ljós sem varahluti sem seld eru sérstaklega: Þessi ljós eru ætluð að standast öfgakenndar aðstæður í heimilistækjum eins og hitastig, titring, raka eða til að senda upplýsingar um rekstrarstöðu tækisins. Þau eru ekki ætluð til að nota í öðrum tækjum og henta ekki sem lýsing í herbergjum heimila.


Förgun



ADVÖRUN! Hætta á líkamstjóni eða köfnun.

- Aftengja skal tækið frá rafmagnsgjafanum.
- Klippa rafmagnssnúruna af og fleygja henni.
- Fjarlægjið dyraklemmuna til að koma í veg fyrir að börn eða dýr geti lokast inni í tækinu.

Vörulýsing



- 1 Neðri úðaarmur
- 2 Síur
- 3 Merkiplata
- 4 Salthólf
- 5 Gljáaskammtari
- 6 Þvottaefnisskammtari
- 7 Neðri grind
- 8 Efri úðunarammar

- 9 Efri grind
- 10 Hnífaparaskúffa

i Myndefnið gefur aðeins almennt yfirlit. Til að fá ítarlegri upplýsingar skaltu vinsamlegast skoða aðra kafla eða skjöl sem fylgja með heimilistækinu.

Beam-on-Floor

Beam-on-Floor er ljós sem birtist á gólfinu fyrir neðan hurðina á heimilistækinu.

- Þegar kerfi fer í gang kviknar hvítt ljós sem logar á meðan kerfið er í gangi.

- Þegar kerfinu er lokið slokknar hvíta ljósið.
- Þegar tækið bilar leiftrar hvíta ljósið.


i Slökkt er á Beam-on-Floor þegar slökkt er á heimilistækinu.

Stjórnborð



- 1 Kveikja/slökkva-hnappur / endurstillingarhnappur
- 2 Hnappur fyrir seinkaða ræsingu
- 3 Skjár
- 4 Kerfishnappur
- 5 Valkostahnappur
- 6 AUTO kerfishnappur

Skjár



- A. Vísir
- B. Tímavísir


Vísar

Vísir	Lýsing
	Vísir fyrir gljáa. Hann logar þegar fylla þarf á gljáaskammtarann. Sjá „Fyrir fyrstu notkun“.

Vísir	Lýsing
	Saltvísir. Hann logar þegar fylla þarf á salthólfíð. Sjá „Fyrir fyrstu notkun“.
	Machine Care-vísir. Hann logar þegar þörf er á innri hreinsun heimilistækisins með kerfinu Machine Care. Sjá „Umhirða og hreinsun“.
	Vísir fyrir þurrkstig. Hann logar þegar þvottakerfi með þurrkunarstigi er valið. Hann leiftrar þegar þurrkunarstigi er í gangi. Sjá „Kerfisval“.

Kerfisval

Þvottakerfi



- A. • Quick 30' er stysta kerfið sem hentar til að þvo upp fulla vél með nýjum og litlum óhreinindum.
- Rinse & Hold er þvottakerfi til að skola matarleifum af diskunum. Það kemur í veg fyrir að ólykt myndist í heimilistækinu. Notaðu ekki þvottaefni með þessu þvottakerfi.
- B. 60 Minutes er þvottakerfi sem hentar til að þvo upp fulla vél með nýjum og lítillega áþornuðum óhreinindum.
- C. 90 Minutes er þvottakerfi sem hentar til að þvo upp og þurrka hluti sem eru venjulega óhreinir.
- D. Intensive er þvottakerfi sem hentar til að þvo upp og þurrka hluti sem eru mjög óhreinir.
- E. ECO er lengsta þvottakerfið sem býður upp á skilvirkustu notkun orku og vatns

fyrir leirtau og hnífapör með venjulegum óhreinindum. Þetta er staðlað þvottakerfi fyrir prófunarstofnanir. ¹⁾

AUTO

Kerfið AUTO aðlagar þvottalotuna sjálfkrafa að því sem hlaðið hefur verið í vélinu.

Heimilistækið skynjar magn óhreininda og fjölda diska í grindunum. Það aðlagar hitastigið og vatnsmagnið, ásamt tímalengd þvottar.

Valkostir

Þú getur aðlagð kerfisvalið að þínum þörfum með því að virkja valkosti.

Power Clean

☀️ Power Clean bætir uppþvott valda kerfisins. Valkosturinn eykur hitastig og tímalengd þvottar.












Gentle / Glass

🍷 Gentle / Glass kemur í veg fyrir skemmdir á viðkvæmum borðbúnaði og gleri. Valkosturinn kemur í veg fyrir hraðar breytingar á þvottahita valda kerfisins og minnkar hann í 45 °C.



Yfirlit yfir þvottakerfi




Kerfi	Að setja í upp-þvottavélinu	Óhreinindastig	Fasar þvottakerfis	Valkostir
	Leirtau, hníf-apör	Ferskt	<ul style="list-style-type: none"> • Borðbúnaður 50°C • Milliskolun • Lokaskolun 45°C • AutoOpen 	<ul style="list-style-type: none"> • ☀️ • 🍷
	Hætt	Öll stig óhreininda	<ul style="list-style-type: none"> • Forþvottur 	Á ekki við

1) Þetta þvottakerfi er notað til að leggja mat á fylgni við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um vishönnun (ESB) 2019/2022

Kerfi	Að setja í upp- þvottavélina	Óhreinindastig	Fasar þvottakerfis	Valkostir
	Leirtau, hníf- apör	Ný, lítillaga áþornuð óhreinindi	<ul style="list-style-type: none"> Borðbúnaður 60°C Milliskolun Lokaskolun 50°C AutoOpen 	<ul style="list-style-type: none">  
	Leirtau, hníf- apör, pottar, pönnur	Venjuleg, lítill- lega áþornuð óhreinindi	<ul style="list-style-type: none"> Borðbúnaður 60°C Milliskolun Lokaskolun 55°C Þurrkun AutoOpen 	<ul style="list-style-type: none">  
	Leirtau, hníf- apör, pottar, pönnur	Venjuleg til mikil áþornuð óhreinindi	<ul style="list-style-type: none"> Forþvottur Borðbúnaður 60°C Milliskolun Lokaskolun 60°C Þurrkun AutoOpen 	<ul style="list-style-type: none">  
ECO	Leirtau, hníf- apör, pottar, pönnur	Venjuleg, lítill- lega áþornuð óhreinindi	<ul style="list-style-type: none"> Forþvottur Borðbúnaður 50°C Milliskolun Lokaskolun 55°C Þurrkun AutoOpen 	<ul style="list-style-type: none">  
AUTO	Leirtau, hníf- apör, pottar, pönnur	Öll stig óhrein- inda	<ul style="list-style-type: none"> Forþvottur Borðbúnaður 50 – 60 °C Milliskolun Lokaskolun 60°C Þurrkun AutoOpen 	Á ekki við
Machine Care	Til hreinsunar á innanrými uppþvottavélar. Sjá „Umhirða og hreinsun“.		<ul style="list-style-type: none"> Þvottur 70°C Milliskolun Lokaskolun AutoOpen 	Á ekki við

Notkunargildi

Þvottakerfi 1) 2)	Vatn (l)	Orka (kWh)	Tímalengd (mín)
	9.3 -11.3	0.56 - 0.685	30
	3.1 - 3.8	0.012 - 0.014	15

Þvottakerfi ^{1) 2)}	Vatn (l)	Orka (kWh)	Tímalengd (mín)
 1h	9 - 11	0.693 - 0.847	60
	9.3 - 11.4	0.772 - 0.944	90
	9.4 - 11.5	0.876 - 1.071	160
ECO	9.9	0.673	240
AUTO	8.3 - 11.5	0.677 - 1.036	120 - 170
Machine Care	8.3 - 10.1	0.593 - 0.725	60

1) Þrýstingur og hitastig vatnsins, breytileiki rafmagnsinntaka, valmöguleikar, fjöldi diska og magn óhreininda geta breytt gildunum.

2) Gildin fyrir þvottakerfin, önnur en ECO, eru aðeins til ábendingar.

Upplýsingar fyrir prófunarstofnanir

Til að fá nauðsynlegar upplýsingar til að framkvæma frammistöðupróf (t.d. í samræmi við EN60436) skal senda tölvupóst til:

info.test@dishwasher-production.com

Láttu vörunúmerskóðann (PNC), sem finna má á merkiplötunni, fylgja með beiðni þinni.

Fyrir allar aðrar spurningar varðandi uppþvottavélina þína skaltu skoða þjónustubókina sem fylgir með heimilistækinu þínu.

Grunnstillingar

Þú getur samskipað heimilistækið með því að breyta grunnstillingunum í samræmi við þarfir þínar.

Númer	Stilling	Gildi	Verksmiðjustilling	Lýsing ¹⁾
1	Harka vatns	1L - 10L	5L	Stilltu stöðu vatnsmýkingarbúnaðar í samræmi við hörku vatnsins á þínu svæði.
2	Skor hjálparstig	0A - 8A	5A	Stilltu stig gljáans í samræmi við nauðsynlega skammtastærð.
3	Lokahljóð	1b (kveikt) / 0b (slökkt)	0b	Virkja eða afvirkja hljóðmerki fyrir lok þvottakerfis.

Númer	Stilling	Gildi	Verksmið-justilling	Lýsing ¹⁾
4	Sjálfvirk opnun hurðar	1o (kveikt) / 0o (slökkt)	1o	Virkja eða afvirkja AutoOpen.
5	Lykiltónar	1F (kveikt) / 0F (slökkt)	1F	Virkja eða afvirkja hljóð hnappanna þegar ýtt er á þá.
6	Síðasta kerfisval	1H (kveikt) / 0H (slökkt)	0H	Gera sjálfvirkt val þvottakerfa og valkosta sem síðast voru notuð virkt eða óvirkt.

1) Fyrir frekari ítaratriði skaltu skoða upplýsingarnar sem boðið er upp á í þessum kafla.

Þú getur breytt grunnstillingunum í stillingarham. Leiðbeiningar um hvernig samskipa eigi heimilistækið eru veittar seinna í þessum kafla.

Þegar heimilistækið er í stillingarham sýnir skjárin tölu og staf. Fyrir hverja stillingu er sérstakur stafur birtur. Sérstöku stafirnir eru gefnir til kynna í töflunni.

Röð grunnstillinga sem kynntar eru í töflunni er einnig röð stillinganna í stillingarham.

Því meira sem vatnið inniheldur af þessum efnum, því harðara er það. Harka vatns er mæld á ákveðnum skala.

Magn mýkingarefnis skal stillaí samræmi við hörku vatnsins á þínu svæði. Vatnsveitan á þínu svæði getur gefið þér upplýsingar um hörku vatnsins. Gættu þess að nota rétt magn mýkingarefnis til að tryggja góðan uppvott.

Mýkingarefni

Vatnsmýkingarbúnaðurinn fjarlægir steinefni úr vatninu sem myndu hafa neikvæð áhrif á þvottaárangur og á heimilistækið.

Harka vatns

Þýskar gráður(°dH)	Franskar gráður (°fH)	mmól/l	Clarke gráður	Magn mýkingarefnis
47 - 50	84 - 90	8.4 - 9.0	58 - 63	10
43 - 46	76 - 83	7.6 - 8.3	53 - 57	9
37 - 42	65 - 75	6.5 - 7.5	46 - 52	8
29 - 36	51 - 64	5.1 - 6.4	36 - 45	7
23 - 28	40 - 50	4.0 - 5.0	28 - 35	6
19 - 22	33 - 39	3.3 - 3.9	23 - 27	5 ¹⁾
15 - 18	26 - 32	2.6 - 3.2	18 - 22	4
11 - 14	19 - 25	1.9 - 2.5	13 - 17	3

Býskar gráður(°dH)	Franskar gráður (°FH)	mmól/l	Clarke gráður	Magn mýkingarefnis
4 - 10	7 - 18	0.7 - 1.8	5 - 12	2
<4	<7	<0.7	< 5	1 2)

1) Verksmiðjustilling.

2) Ekki nota salt á þessu stigi uppþvottar.

Burtséð frá tegund þvottaefnis sem notað er skaltu setja rétt hörkustig vatns til að halda vísi fyrir saltáfyllingu virkum.

- Samsettar þvottatöflur innihalda salt og eru ekki nægilega skilvirkar til að mýkja hart vatn.

Endurmyndunarferli

Svo rétt vatnsnýkingaraðgerð verði þarf að endurmynda kvoðu mýkingarbúnaðarins reglulega. Þetta ferli er sjálfvirkt og er hluti af venjulegum aðgerðum uppþvottavélar.

Þegar fyrirskipað magn af vatni (sjá gildi í töflunni) hefur verið notað frá síðasta endurmyndunarferli, hefst nýtt endurmyndunarferli á milli lokaskolunar og loka þvottakerfis.

Magn mýkingarefnis	Magn vatns (l)
1	250
2	100
3	62
4	47
5	25
6	17
7	10
8	5
9	3
10	3

Ef um er að ræða háar stillingar vatnsnýkingarbúnaðar kann það einnig að gerast í miðju kerfinu á undan skolun (tvisvar

meðan á kerfinu stendur). Byrjun endurmyndunar hefur engin áhrif á tímalengd lotu, nema hún komi upp í miðju kerfi eða í lok kerfisins með stuttu þurrkunarstigi. Í því tilfalli lengir endurmyndunin heildartímalengd kerfisins um 5 mínútur.

Þar af leiðandi kann skolun vatnsnýkingarbúnaðarins sem stendur í 5 mínútur að byrja í sömu lotu eða í upphafi næsta þvottakerfis. Þessi athöfn eykur heildarnotkun kerfisins á vatni um 4 lítra og heildarnotkun kerfis á orku um 2 Wh. Skolun mýkingarefnisins endar með fullri aftöppun.

Hver skolun mýkingarefnis sem framkvæmd er (mögulega fleiri en ein í sömu lotu) kann að lengja tímalengd kerfisins um 5 mínútur þegar hún verður á einhverjum tímapunkti í upphafi eða í miðju þvottakerfis

- Öll notkunargildi sem nefnd eru í þessum hluta eru ákvörðuð í samræmi við núgildandistaðla sem gilda við aðstæður á rannsóknarstofu miðað við hörku vatns sem nemur 2,5 mmól/L í samræmi við eftirfarandi reglugerð (mýkingarefni: 3. stig): 2019/2022 . Þrýstingur og hitastig vatns, jafnt sem breytileiki rafmagnsinnataka, getur breytt gildunum.

Stig gljáa

Gljáið hjálpar til að þurrka diskana án ráka og bletta. Hann er losaður sjálfkrafa meðan á heita skolunarstiginu stendur Mögulegt er að stilla losunarmagn gljáa.

Þegar gljáahólfið er tómt logar vísir fyrir gljáa til að tilkynna um að fylla þurfi á gljáa. Ef þurrkárangurinn er fullnægjandi þegar aðeins samsettar þvottatöflur eru notaðar er mögulegt að afvirkja skammtarann og vísinn. Hins vegar skal alltaf nota gljáa til að fá besta þurrkárangur og halda vísi fyrir gljáa virkum.

Til að afvirkja gljáaskammtarann og vísinn skal setja gljáastigið á 0A.


Lokið-hljóð

Þú getur virkjað hljóðmerki sem hljómar þegar þvottakerfi er lokið.

- i** Hljóðmerki heyrast einnig þegar bilun kemur fram í heimilistækinu. Það er ekki hægt að slökkva á þessum merkjum.

AutoOpen

AutoOpen bætir þurrkunarárangur með minni orkunotkun. Hurð heimilistækis opnast sjálfvirk meðan á þurrkstiginu stendur og helst í hálfá gátt.



AutoOpen er sjálfkrafa virkjað með öllum þvottakerfum öðrum en Rinse & Hold.

- VARÚÐ!** Reyndu ekki að loka hurð heimilistækisins næstu 2 mínútur eftir sjálfvirka opnun. Þetta getur valdið skemmdum á heimilistækinu.

- VARÚÐ!** Ef börn, gæludýr eða fólk með fatlanir hafa aðgang að heimilistækinu skal afvirkja AutoOpen. Sjálfvirk opunarstilling hurðarinnar kann að valda hættu eða afhjúpa mögulegar hættur inni í heimilistækinu (eins og hnifa, beitta hluti, íðefni).

- i** Þegar AutoOpen opnar hurðina er ekki víst að Beam-on-Floor sé fullkomlega sýnilegur. Til að sjá hvort þvottakerfi sé lokið skaltu líta á stjórnbordið.

Lykiltónar

Það heyrst smellhljóð þegar þú ýtir á hnappana á stjórnborðinu. Þú getur gert þetta hljóð óvirkt.

Síðasta kerfisval

Þú getur stillt sjálfvirk val þeirra þvottakerfa og valkosta sem síðast voru notuð.

Síðasta kerfið sem lokið var áður en heimilistækið var gert óvirkt er vístað. Það er síðan valið sjálfvirk eftir að þú virkjar heimilistækið.




Þegar síðasta kerfisvalið er gert óvirkt er sjálfgefna þvottakerfið ECO.

Núllstilling

Hvernig farið er í stillingarham


Þú getur farið í stillingarham áður en þú byrjar þvottakerfi. Þú getur ekki farið í stillingarham á meðan þvottakerfið er í gangi.

Til að fara í stillingarham skaltu ýta á og halda  30' og **ECO** í um það bil 3 sekúndur.

- Ljósín sem tengjast ,  og  loga.
- Skjáriinn sýnir núverandi gildi fyrstu tiltæku stillingar.

Hvernig fletta á í stillingarham

Þú getur flett í stillingarham með þvottakerfishnöppunum.



A. Fyrri -hnappur

B. Í lagi -hnappur

C. Næst -hnappur

Notaðu **Fyrri** og **Næst** til að skipa á milli grunnstillinga og til að breyta gildi þeirra.

Notaðu **Í lagi** til að færa inn valda stillingu og til að staðfesta breytingu á gildi hennar.

Hvernig breyta á stillingu

Gættu þess að heimilistækið sé í stillingarham.

Fyrir fyrstu notkun

- Gakktu úr skugga um að núverandi staða mýkingarbúnaðarins sé í samræmi við hörku vatnsins. Ef ekki skal stilla vatnsmýkingarbúnaðinn.**
- Fylltu á salthólfíð.
- Fylltu á gljáaskammtarann.
- Skrúfaðu frá vatnskrananum.
- Byrjaðu þvottakerfið Quick 30' til að fjarlægja allar leifar frá framleiðsluferlinu. Ekki nota þvottaefni og ekki setja disk í grindurnar.

Eftir að hafa ræst kerfið endurhleður heimilistækið kvoðuna í vatnsmýkingarbúnaðinum í allt að 5 mínútur. Þvottastigið byrjar einungis eftir að þessu ferli er lokið. Verklagið er reglubundið endurtekið.

- Notaðu **Fyrri** eða **Næst** til að velja óskaða stillingu.

Skjárinn sýnir gildi núverandi stillingar (tölu og sérstaka stafinn).

- Ýttu á **Í lagi** til að færa inn stillingu. Núverandi stilling leiftrar.

- Ýttu á **Fyrri** eða **Næst** til að breyta gildinu.

- Ýttu á **Í lagi** til að staðfesta stillinguna.

- Nýja stillingin er vistuð.
- Heimilistækið snýr aftur í lista yfir grunnstillingar.

- Ýttu á og haltu samtímis og **ECO** í um það bil 3 sekúndur til að hætta í stillingarham.

Heimilistækið snýr aftur í kerfisval.

Vistuðu stillingarnar haldast gildar þar til þú breytir þeim aftur.



Salthólfíð



VARÚÐ! Notaðu gróft salt sem aðeins er ætlað er fyrir uppþvottavélar. Fínt salt eykur hættuna á tæringu.


Saltið er notað til endurhlaða kvoðuna í mýkingarefninu og til að tryggja góðan þvottaárangur við daglega notkun.

Salt sett í salthólfíð



Settu 1 lítra af vatni í salthólfíð (einungis í fyrsta skiptið).



Settu 1 kg af salti í salthólfíð.



Snúðu lokinu á salthólfinu réttisælis til að loka því.

VARÚÐ! Vatn og salt kunna að renna út úr salthólfinu þegar þú fyllir á það. Eftir að þú fyllir á salthólfíð skaltu samstundis byrja þvottkerfi til að koma í veg fyrir tæringu.


Fyllt á gljáaskammtarann




Fylltu á gljáaskammtarann þegar vísirinn (A) er gegnsær. Helltu gljáanum í skammtarann þangað til vökvinn nær merkinu „FILL“.

Þurrkaðu upp gljáann sem hellist niður með rakadrægum klút til að koma í veg fyrir óhóflega froðumyndun.

Dagleg notkun


1. Skrúfaðu frá vatnskrananum.
2. Ýttu á og haltu  þar til heimilistækið hefur verið virkjað.
3. Fylltu á salthólfíð ef það er tómt.
4. Fylltu á gljáaskammtarann ef hann er tómur.
5. Raðaðu í grindurnar.
6. Settu þvottaefnið í.
7. Veldu og ræstu þvottakerfi.
8. Lokaðu vatnskrananum þegar þvottakerfinu er lokið.

Notkun þvottaefnis



Settu þvottefni eða samsetta þvottatöflu í hólf (A).

Ef þvottakerfið felur í sér forþvott skal setja dálftíð af þvottaefni í innri hluta hurðarinnar.



Þegar þú notar þvottaefnistöflur sem innihalda salt og gljáa er ekki nauðsynlegt að fylla á salthólfíð og gljáahólfíð.

- Stilltu vatnsmýkingarbúnaðinn á lægsta stig.
- Stilltu stig gljáa á 0A.

i Samsettar þvottatöflur innihalda salt og eru ekki nægilega skilvirkar til að mýkja hart vatn.

Hvernig á að velja og hefja kerfi

1. Ýttu á sérstaka hnappinn fyrir þvottakerfið sem þú vilt stilla.
 - Ljósíð sem tengist hnappinum logar.
 - Skjáriinn sýnir lengd kerfisins.
2. Virkjaðu viðeigandi valkosti er óskað er.
3. Lokaðu hurð heimilistækisins til að ræsa þvottakerfið.

Hvernig á að velja og hefja þvottakerfi

1. Til að velja skaltu ýta á og halda 30' í 3 sekúndur.
 - Ljósíð sem tengist hnappinum logar.
 - Skjáriinn sýnir hvað kerfið tekur langan tíma.
- i** Valkostir eiga ekki við um þetta þvottakerfi.
2. Lokaðu hurð heimilistækisins til að ræsa kerfið.

Hvernig virkja á valkosti


1. Veldu þvottakerfi.
2. Ýttu á sérstaka hnappinn fyrir valkostinn sem þú vilt virkja.
 - Ljósíð sem tengist hnappinum logar.
 - Skjáriinn sýnir uppfærða tímalengd þvottakerfis.
- i** Sjálfgefið verður að virkja valkostina í hvert sinn áður en þú byrjar kerfi. Ef síðasta kerfisval er virkt eru vistuðu valkostirnir virkjaðir sjálfkrafa ásamt þvottakerfinu.
- i** Það er ekki mögulegt að virkja eða afvirkja valmöguleika á meðan kerfi er í gangi.
- i** Ekki samræmast allir valmöguleikar hver öðrum.
- i** Virkjun valkosta eykur oft vatns- og orkunotkun, ásamt tímalengd þvottakerfisins.

Hvernig á að velja og ræsa þvottakerfið AUTO

1. Þrýstu á **AUTO**.
 - Ljósíð sem tengist hnappinum logar.
 - Skjárinn sýnir lengd kerfisins.
2. Lokaðu hurð heimilistækisins til að ræsa þvottakerfið.

Heimilistækið skynjar tegund hleðslu og aðlagar sig að hentugri þvottalotu. Meðan á lotunni stendur ganga skynjararnir nokkrum sinnum og upphafleg tímalengd kerfisins kann að minnka.

Hvernig seinka á að kerfi hefjist

1. Veldu þvottakerfi.
2. Ýttu endurtekið á  þar til skjárinn sýnir óskaðan seinkunartíma (frá 1 til 24 klukkustunda).


Ljósíð sem tengist hnappinum logar.


3. Lokaðu hurð heimilistækisins til að hefja niðurtalningu.

Meðan á niðurtalningu stendur er ekki mögulegt að breyta seinkunartímanum og kerfisvalinu.


Þegar niðurtalningu er lokið fer kerfið í gang.

Hvernig hættu á við seinkaða ræsingu á meðan niðurtalning er í gangi


Ýttu á og haltu  í um það bil 3 sekúndur. Heimilistækið snýr aftur í kerfisval.

-  Ef þú hættir við seinkaða ræsingu verður þú að velja þvottakerfið aftur.

Hvernig hættu á við þvottakerfi í gangi


Ýttu á og haltu  í um það bil 3 sekúndur.

Heimilistækið snýr aftur í kerfisval.

-  Gættu þess að það sé þvottaefni í þvottaefnishólfinu áður en nýtt þvottakerfi er sett í gang.

Hurðin opnuð á meðan heimilistækið er í gangi

Ef hurðin er opnuð á meðan kerfi er í gangi stöðvast heimilistækið. Það kann að hafa áhrif á orkunotkun og tímalengd kerfisins. Þegar hurðinni hefur verið lokað heldur heimilistækið áfram frá þeim punkti þar sem truflunin varð.

-  Ef hurðin er opin lengur en í 30 sekúndur á meðan þurrkunarstigið er gangi mun kerfið sem er í gangi enda. Það gerist ekki ef hurðin er opnuð með AutoOpen-aðgerðinni.

Aðgerðin Auto Off

Þessi aðgerð sparar orku með því að slökkva á heimilistækinu þegar það er ekki í gangi.

Aðgerðin virkjust sjálfkrafa.

- Eftir allt að 15 sekúndur þegar þvottakerfinu er lokið.
- Eftir 5 mínútur ef kerfið fór ekki í gang.

Lok þvottakerfis

Þegar þvottakerfi er lokið birtir skjárinn **0:00**.

Aðgerðin Auto Off slekkur sjálfkrafa á heimilistækinu.

Allir hnappar eru óvirkir nema hnappurinn kveikja/slökkva.

Góð ráð

Almennt

Fylgdu ábendingunum að neðan til að tryggja bestu hreinsun og þurrkun í daglegri notkun og til að vernda umhverfið.

- Ef diskar eru þvegnir í uppþvottavélinni eins og sagt er til um í notandahandbókinni er notkun á vatni og orku minni en ef þvegið er í höndunum.
- Fylltu uppþvottavélina til að spara vatn og orku. Til að fá sem bestan hreinsunarárangur skal raða hlutum í grindurnar eins og sagt er til um í notandahandbókinni og ekki yfirfylla grindurnar.
- Ekki skal for-hreinsa diskana í höndunum það eykur vatns- og orkunotkun. Þegar þess er þörf skal velja þvottakerfi með forþvottarstigi.
- Fjarlægðu stærri matarleifar af diskunum og tæmdu bolla og glös áður en þú setur þau inn í heimilistækið.
- Láttu eldunarílát með föstum eða viðbrunnum matarleifum liggja í bleyti eða skrúbbaðu þau lítillega áður en þú þværð þau í heimilistækinu.
- Gakktu úr skugga um að hlutirnir í grindunum snertist ekki eða liggja hver yfir öðrum. Aðeins þá getur vatnið náð fullkomlega til og þvegið diskana.
- Þú getur notað þvottaefni fyrir uppþvottavélar, gljóa og salt út af fyrir sig eða hægt er að nota samsettar þvottaefnistöflur (t.d. „Allt í 1“). Fylgdu leiðbeiningunum á umbúðunum.
- Veldu þvottakerfi eftir því hvað er í vélinni og hversu óhreint það er. ECO býður upp á skilvirkustu notkun vatns og orku.
- Til að koma í veg fyrir að kalk safnist upp inni í heimilistækinu:
 - Fylltu á salthólfið hvernær sem þess er þörf.
 - Notaðu ráðlagðan skammt af þvottaefni og gljóa.
 - Gakktu úr skugga um að núverandi staða mýkingarbúnaðarins sé í samræmi við hörku vatnsins.

- Fylgdu leiðbeiningunum í kaflanum „Umhirða og hreinsun“.

Notkun salts, gljóa og þvottaefnis

- Aðeins skal nota salt, gljóa og þvottaefni sem ætlað fyrir uppþvottavélar. Aðrar vörur geta valdið skemmdum á heimilistækinu.
- Á svæðum þar sem harka vatnsins er mikil og mjög mikil mælum við með að nota venjulegt þvottaefni (duft, gel, töflur án aukalegrar virkni), gljóa og salt, hvert fyrir sig, til að ná sem bestum árangri með hreinsun og þurrkun.
- Þvottaefnistöflur leysast ekki að fullu upp ef þvottakerfið er mjög stutt. Til að koma í veg fyrir leifar þvottaefnis á borðbúnaði mælum við með því að þú notir töflur með lengri þvottakerfum.
- Notaðu alltaf rétt magn af þvottaefni. Ónógur skammtur af þvottaefni getur leitt til lélegs hreinsunarárangurs og harðri vatnsfilmu eða blettum á hlutum. Ef notað er of mikið þvottaefni með mjúku eða mýktu vatni leiðir til þvottaefnisleifa á diskunum. Stilltu magn þvottaefnis á grundvelli vatnshörku. Sjá leiðbeiningarnar á umbúðum þvottaefnisins.
- Notaðu alltaf rétt magn af gljóa. Ónógur skammtur af gljóa dregur úr þurrkunarárangri. Ef of mikill gljói er notaður leiðir það til bláleitrar filmu á hlutum.
- Gakktu úr skugga um að vatnsmýkingarstigið sé rétt. Ef stigið er of hátt getur aukið magn af salti í vatni leitt til ryðs á hnífapörum.

Hvað á að gera ef þú vilt hætta að nota samsettar þvottaefnistöflur

Áður en þú byrjar að nota þvottaefni, salt eða gljóa út af fyrir sig skaltu ljúka eftirfarandi skrefum:

1. Stilltu vatnsmýkingarbúnaðinn á hæsta stigi.


- Gakktu úr skugga um að salthólfíð og hreinsiefnahólfíð séu bæði full.
- Ræstu kerfið Quick 30'. Ekki bæta við þvottaefni og ekki setja diska í grindurnar.
- Þegar kerfinu er lokið, stilltu þá vatnsmýkingarbúnaðinn í samræmi við hörku vatnsins á þínu svæði.
- Stilltu losað magn gljáa.

Áður en þvottakerfi er ræst

Áður en þú setur valið kerfi af stað skaltu gæta þess að:

- Súrnar eru hreinar og rétt uppsettar.
- Lokið á saltlátinu er hert.
- Úðarmarnir eru ekki stíflaðir.
- Það sé nóg salt og gljái til staðar (nema þú notir samsettar þvottaefnistöflur).
- Röðun hlutanna í grindunum sé rétt.
- Kerfið henti fyrir þá tegund hleðslu og þau óhreinindi sem um er að ræða.
- Rétt magn af þvottaefni er notað.

Að raða í grindurnar


 Sjá meðfylgjandi bækling sem sýnir dæmi um hvernig skal raða í grindurnar.

- Ávallt skal nota allt rýmið í grindunum.
- Notaðu heimilistækið aðeins til að þvo hluti sem þvo má í uppþvottavél
- Þvoðu ekki í heimilistækinu hluti sem eru gerðir úr tré, horni, áli, pjátri og kopar,


þar sem þeir geta sprungið, verpst, aflitast eða komið holur í þá.


- Þvoðu ekki í heimilistækinu hluti sem geta tekið í sig vatn (svampa, diskapurrrukur).
- Fjarlægðu matarleifarnar af hlutunum.
- Láttu eldunaráhöld með brenndum matarleifum í bleyti áður en þú þværð þau í heimilistækinu.
